

9. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari í samræmi við breytingar á áður nefndri vísitölu enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Séu fleiri en einn notandi í húsi með sameiginlega heimtaug og hitakerfi skerðir það ekki rétt hitaveitunnar til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins ef einn þessara aðila vanrækir greiðslur þó reikningum sé skipt á notendur.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur kr. 1 100,00 í hvert sinn.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er heimill aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. apríl 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 135, 30. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 311, 21. júní 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 10. apríl 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seyðisfjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 2,20 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 18,58 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Framangreindir taxtar eru án niðurgreiðslu. Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði kr. 0,56 fyrir hverja kílóvattstund sem kemur til frádráttar á viðkomandi reikningi.

Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 125,30.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimædagjöld fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar skulu vera sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis kr. 68 000,00.

Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 m³ kr. 92,80.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við Fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 300 m³.

6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á hluta heimæðargjalds ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

7. gr.

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 400,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. og 7. gr. í gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Allar taxa- og gjaldskrárbreytingar skulu hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun á heita vatninu.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 92, 6. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 536, 4. desember 1987, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 10. apríl 1989.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hafnar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hafnar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hafnar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,84 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 24,15 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Framantaldir taxtar eru án niðurgreiðslu. Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði kr. 0,56 fyrir hverja kWst, sem kemur fram sem frádráttartala á viðkomandi reikningi.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot af heita vatninu og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

- | | |
|---------------------------------------|--------------|
| a) fyrir mæla til og með ¾" | kr. 720,00 |
| b) fyrir mæla 1"-2" | kr. 1 440,00 |
| c) fyrir mæla stærri en 2" | kr. 2 880,00 |